

✉ Re: Beiðni um umsögn - Áform um friðlýsingu - Garðahraun

Búið til	25.3.2021 11:32:03
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	25.3.2021 11:32:56
Tilheyrir	 202101-0055 - Beiðni um umsögn - Áform um friðlýsingu - Garðahraun

Efni

Re: Beiðni um umsögn - Áform um friðlýsingu - Garðahraun

Upplýsingar

Sent	25.3.2021 11:32:56	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-0 Verndaráætlanir - friðlýsingar almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202101-0055 (RTh, LÁ)

Erindi: Stækkun og endurskoðun friðlýsingar fólkvangs í Garðahrauni efra í Garðabæ

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 19. janúar 2021, þar sem óskað er eftir athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands við áform um stækkun og endurskoðun friðlýsingar Garðahrauns efra, í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Garðahraun efra var friðlýst sem fólkvangur í apríl 2014, ásamt Garðahrauni neðra, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ. Áform Umhverfisstofnunar um stækkun og endurskoðun friðlýsingar fólkvangsins í Garðahrauni efra eru í samstarfi við sveitarfélagið Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gardahraun-i-gardabae/> (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gardahraun-i-gardabae/>)).

Fyrirhuguð stækkun fólkvangsins er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða þann hluta Garðahrauns efra sem ekki er friðlýstur nú þegar og nær að lóðamörkum við götuna Hraunhóla. Hins vegar er um að ræða votlendið Vatnsmýri norðaustan Vífilsstaðahrauns.

Markmið friðlýsingarinnar er að stækka fólkvanginn í Garðahrauni sem svæði til útivistar og almenningsnota og að ná fram skipulegri heildarmynd hraunsins sem talið er sérstætt á landsvísu (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gardahraun-i-gardabae/> (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gardahraun-i-gardabae/>)).

Fólkvangurinn hefur mikið fræðslu- og útivistargildi og er staðsettur innan þéttbýlasta hluta landsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið og er með nokkrar ábendingar er varðar friðlýsinguna:

Jarðminjar: Hraunholtshellir (Arneshellir) er í jaðri hraunsins við íbúðarbyggðina í Hraunsholti í Garðabæ. Ekki er alveg ljóst hvort hellirinn sé innan svæðisins sem bætt var við fólkvanginn í Garðahrauni efra, þar sem stækkunin miðast við lóðamörk en ekki hraunjaðarinn sem friðlýsingin þyrfti að miðast við.

Gróður: Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru mosahraunavist og lynghraunavist ríkjandi vistgerðir á þeim hluta Garðahrauns sem til stendur að stækka fólkvanginn til norðvesturs að lóðamörkum við Hraunhóla (<http://vistgerdakort.ni.is/> (<http://vistgerdakort.ni.is/>)). Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki gert sérstaka úttekt á þessum hluta hraunsins í tengslum við stækkunina. Starfsmaður stofnunarinnar fór 14. mars s.l. um svæðið til að geta gefið gróft mat um gróðurfar svæðisins. Hraunið er almennt vel gróið, einkum austari hluti þess en þar er ríkjandi lynghraunavist óvenju grasrík sem líkast til má rekja til nálægðar nærliggjandi sláttutúna norðan við svæðið. Á vestari hluta hraunsins er gróðurþekja gisnari. Þar skiptast mosahraunavist ofan á hraunkollum en í bollum og dældum er lynghraunvist meira áberandi með grýtt rök flög inn á milli. Gróskumikið deigt graslendi er við Hraunholtslæk neðan við austurjaðar hraunsins. Þar er snarrótarvist ríkjandi vistgerð. Tegundir æðplantan voru ekki skráðar sérstaklega í þessari yfirferð enda ekki rétti árstíminn til þess. Hins vegar mátti greina með góðu móti lyngtegundir eins og krækilyng, beitilyng, sortulyng og bláberjalyng sem eru einkennandi í hrauninu, og stakar, sjálfsánar birkiplöntur sem stóðu víða upp úr hraunbollum á svæðinu. Á smá deiglendisbletti við gamlan túngarð á vesturhluta svæðisins mátti greina mýrastör, sem starfsmaður átti ekki von á að finna í hrauninu. Örfáir toppar fundust af blátoppu (*Sesleria albicans*) í austurjaðri svæðisins. Blátoppa er grastegund sem er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í yfirvofandi hættu (VU) (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/asteraceae/blatoppa-sesleria-albicans> (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/asteraceae/blatoppa-sesleria-albicans>)). Hún hefur fundist á nokkrum öðrum stöðum í þeim hluta Garðahrauns sem þegar er friðlýstur.

Verndun votlendisins í Vatnsmýri eykur enn frekar á verðmæti svæðisins en votlendi er fágætt í landi Garðabæjar sem og á suðurhluta Innnesja og út eftir öllum Reykjanesskaganum. Votlendi telst því fágætt á svæðisvísu. Votlendið í Vatnsmýrinni eykur á tegundafjölbreytni svæðisins í heild.

Rask og umgengni: Náttúrufræðistofnun bendir á að töluvert rask er við vesturjaðar hraunsins aftan við aðliggjandi verslunar- og iðnaðarsvæði. Þar hefur á einhverju tímapunkti verið plantað sitkagreni. Það virðist ekki hafa dreift sér en hins vegar hefur allnokkuð af stafafuru borist inn í hraunið frá nærliggjandi gördum og trjáræktarreitum og náð að festa þar rætur. Mikilvægt er að verja hraunið fyrir ágengum framandi tegundum t.d. lúpínu og garðagróðri. Því þarf árlega að fylgjast með gróðurfari á hrauninu og uppræta sjálfsáðar framandi plöntur.

Einnig þarf að bæta umgengni við hraunhella fólkvangsins, t.d. Maríuhella, og jafnvel loka þeim hluta hellanna þar sem hættu er á hruni.

Lokaorð: Náttúrufræðistofnun Íslands telur stækkun fólkvangsins mikilvæga. Fólkvangurinn er einn þáttur í að ná fram heildstæðri vernd yfir þann hluta Búrfellshrauns sem enn er lítt raskað og sem nær frá gíg til strandar. Þá telur stofnunin að friðlýsingin stuðli að bættri umgengni og að framvinda náttúrufræðisinnar fólkvangsins fái að þróast á sínum eigin forsendum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
To:
CC:
Subject: Beiðni um umsögn - Áform um friðlýsingu - Garðahraun
Date: 19.1.2021 15:26:32

Góðan dag

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa, kynnir hér með áform um stækkun og endurskoðun friðlýsingar fólkvangsins í Garðahrauni efra í Garðabæ, í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 25. mars 2021, sjá meðfylgjandi erindi og kort af fyrirhugaðri stækkun fólkvangsins.

Frekari upplýsingar er að finna á slóðinni

<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gardahraun-i-gardabae/>
(<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gardahraun-i-gardabae/>)

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn um áformin.

Bestu kveðjur, Best regards

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)